

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2006, miðvikudaginn 25. október var haldinn 263. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjallaskála og hófst kl. 08:30. Mættir: Anna Kristindóttir formaður, Björn Árni Ólafsson og Páll Grétarsson. Páll Ármann Eggertsson, Ingi Þór Hermannsson og Ragnar Örn Pétursson boðuðu forföll. Jafnframt: Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki voru gerðar athugasemdir.
2. Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar frá 11. október sl.
3. Rætt um öryggismál á skíðasvæðum.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
SHB samþykkir að skipa þriggja manna öryggis- og umhverfisnefnd skíðasvæðisins í Bláfjöllum.
Frestað.
4. Lagt fram bréf Fisfélags Reykjavíkur dags. 1. okt. vegna aðstöðu til flugtaks í Bláfjöllum.
Vísað til skoðunar forstöðumanns.
5. Lagt fram bréf bæjarráðs Kópavogs dags. 13. okt. sl. þar sem vísað er til SHB erindi Ketils Guðmundssonar og Bjarkar Ólafsdóttur dags. 3. okt. sl. varðandi lóð undir innanhúss skíðabraut.
Frestað.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
SHB samþykkir að fela formanni að taka upp viðræður við stjórn ÍTR og fleiri aðila um gerð úttektar á möguleikum og kostnaði yfirbyggðs skíðasvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
Frestað.
6. Lögð fram eftirfarandi tillaga:
SHB felur formanni og sviðsstjóra ÍTR að taka upp formlegar viðræður við OR um möguleika á vatnsöflun í Bláfjöllum til snjógerðar.
Samþykkt.
7. Rætt um gjaldskrá.
Rekstrarstjórn falið að koma með tillögur að nýrri gjaldskrá.
8. Forstöðumaður sagði frá stöðu framkvæmda í Bláfjöllum.

Fundi slitið kl. 09:40

Anna Kristinsdóttir

Björn Árni Ólafsson

Páll Grétarsson